

Fundur 13.5.2024 Hafsteinn Björnsson.

Góða kvöldið og komið þið sæl.

*Já góða kvöldið.*

Hef ég oft talað til ykkar, Hafsteinn Björnsson miðill.

Sæll vertu og hjartanlega velkominn.

Konan mun heita Ólöf Pálsdóttir, sú sem talaði við ykkur seinast, eitthað var rofið sambandið, myndlistarkona.

*Hafsteinn má ég spyrja einnar spurningar ?*

Já.

*Ég í gegnum síðustu 20 árin búinn að þekkja Gísla Hafsteinsson ágætlega, ertu með skilaboð til hans ?*

Þau eru ýmis, en mér þykir vænt um hann og við fylgjumst með, er það ekki bara nóg ?

*Ok, þá skipti ég mér ekki að neinu, allt í góðu bara.*

Já ég, ert þú ekki að tala um,

*Son þinn.*

Já já, hann er, er hann ekki bara við góða heilsu ?

*Það eru orðin 2 ár síðan ég hitti hann síðast.*

Já.

*Þá var hann það.*

Já já, ég hef nú starfað við aðrar stöðvar en ykkar og vildi hér aðeins koma inn á í lokin að við brúum bilið milli spíritista og Nýalssinna, en ég, nei það verður að bíða að sinni en ég vildi biðja ykkur að opna fyrir Magnúsi lækni sem starfaði í gegnum mig og hann hefur verið að starfa í öðrum stöðvum, sambandsstöðvum og gæti viljað hjálpa til og segja frá sinni æfi, við sjáum til með það, en

*Eigum við að hugsa beint til hans ?*

*Ekki í gegnum Dungal ?*

Jú það er ágætt í gegnum Dungal, en leyfa honum að bætast við ef hann vill koma í sambandið og þarf að kynna sig fyrst og aðeins að lýsa sér við tækifæri.

En við sjáum til ef hann verður tilbúinn til þess, hann hefur eitthvað verið að gera sig líklegan að víkka út starfsviðið hjá sér, við sjáum til með það, en ég ætlaði að segja ykkur það að það þarf langt mál að lýsa því sem á milli ber á milli í spíritista fræðum og Nýalssinna fræðum en ég kannski kem inn á það síðar ef mér tekst að komast í sambandið.

Þetta mun vera nóg að sinni, kveð ég ykkur nú og þakka ég fyrir og reyni að koma aftur síðar.

Verið þið sæl.

*Má ég spyrja þig, varst þú í Hafnarfirði ?*

Já.

*Maðurinn hennar Guðlaugar ?*

*Var konan þín Guðlaug ?*

Hafsteinn miðill, já já.

*Hét konan þín eða heitir hún Guðlaug í Hanarfirði ?*

Já, bið að heilsa henni.

*Ég sé þær vinkonurnar fyrir utan gluggann minn og mér verður mjög hlýtt í hjarta þegar ég hugsa til hennar ásamt fleiri konum, þegar þær labba götuna hjá mér.*

Þakka þér kærlega fyrir.

*Ég skal skila kveðju til hennar.*

Já þakka þér kærlega og bið að heilsa þér og

*Má ég spurja þig einnar spurningar ?*

Já.

*Erum við Íslendingar ekki enn þá í sambandi við tengslum við Huldufólk ?*

Jú, það eru nú ýmsar tegundir og við erum alltaf að læra um þessi tengsl og erum svo þakklát fyrir þegar við fáum einhverjar skýringar á þessu og margskonar góð áhrif sem og já sem hjálpuðu okkur í gegnum þessar köldu aldir Íslandssögunnar.

Og sögurnar um samskiptin við álfana og huldufólkið eru sannari en margur hyggur og jafnvel að hjálpa álfum í nauð.

Og teljum það hreinlega vera samskipti við fólk af öðrum hnöttum sem mun hafa farið hamförum til gömlu jarðarinnar.

Verð ég nú að kveðja ykkur að sinni og verið þið sæl og þakka ég fyrir mig, reyni að koma síðar.

*Vertu sæll og þakka þér fyrir.*